

menn, samkvæmt tilskipun um stjórn Reykjavíkur bæjar, dagsettri 27. dag nóvembermánaðar 1846, 19. gr." — var sett: ^{1860.} 12. desemb. "skal greiða kostnaðinn á þann hátt, sem fyrir er mælt í tilskipun um stjórn Reykjavíkurbæjar 27. dag nóvembermánaðar 1846 19. gr., og í opnu bréfi um að leggja skatt á tómthús og óbyggðar lóðir í Reykjavík 26. dag septembermánaðar 1860 3. gr."¹.

Eptir að búið var að laga frumvarpið eptir því, sem nú hefir verið á vikið, lagði ráðgjafi kirkju- og kennslumálanna það fyrir konung með skýrslu sinni um málið, og féllst hans hátign allramildilegast á, að út skyldi koma lagaboð það, sem prentað er hér að ofan, um stofnun barnaskóla í Reykjavík.

65. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um þóknun til Hermanns Jónssonar málaflutningsmanns, fyrir skrifarastörf í nefnd þeirri, er sett var í fjárkláðamálinu. 28. desemb.

Samkvæmt uppástungu yðar, herra stiptamtmaður, í bréfi 5. f. m., leyfir dómsmálastjórnin, að Hermanni Jónssyni málaflutningsmanni sé greidd sæmileg þóknun af þeim 10,000 rdl., sem veittir eru í fjárlögum þessa árs, 14. gr. 23. tölulið, fyrir skrifarastörf í nefnd þeirri, er til bráðabyrgða var sett í Reykjavík vegna fjárkláðans; er yður falið að ákveða, hvað mikil þóknun þessi skuli vera; þó má hún ekki vera meiri en 60 ríkisdalir, fyrir tímabilið frá 16. júní í sumar er leið og til loka þessa fjárhagsárs. Þegar búið er að ávísa fê þessu til

1) Allur síðari kaffi 1. greinar í frumvarpinu hljóðar þannig: „Svo má og fyrir hæfilega borgun taka í þenna skóla önnur börn, þegar því verður við komið án þess hin missi í. Að því leyti fê það, sem til stofnunar og viðurhalds skólans er ákveðið, hrökkur ekki til, skal jafna kostnaðinum niður á bæjarmenn, samkvæmt tilskipun um stjórn Reykjavíkur bæjar, dagsettri 27. dag nóvembermánaðar 1846, 19. gr.”.

1860. útborgunar, vonast stjórnin eptir að fá um það vísbending frá
28. desemb. yður.

28. desemb. **66. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um þóknun til Benedikts Sveinsonar yfirdómara fyrir skrifarastörf í nefnd þeirri er sett var í Reykjavík vegna fjárkláðans.**

Þér hafð, herra stiptamtmaður, í bréfi 23. októbermánaðar, er síðast leið, beðið um samþykki dómsmálastjórnarinnar til þess, að þér hafð látið borga Benedikt Sveinssyni yfirdómara, eptir kröfu hans, 39 rdl. 10 sk. úr jarðabókarsjóði Íslands, sem endurgjald fyrir skrifarastörf þau, er hann hafði á hendi í nefnd þeirri, er sett var til bráðabyrgða í Reykjavík vegna fjárkláðans, frá því 19. aprílmánaðar og þangað til 15. júnímánaðar þ. á.; og hafð þér um leið getið þess, að þaræð dómsmálastjórnin með bréfi 19. aprílm. þ. á. hafi verið búin að veita honum 100 rdl. þóknun fyrir tímann, er liðinn var, þá hafi yður fundizt að þér ekki gætið neitað honum um þóknun eptir sömu tiltölu þangað til 15. júnímánaðar, þá er honum var kunngjört bréf dómsmálastjórnarinnar 1. júnímánaðar um það, að honum eptir beiðni hans væri veitt lausn frá störfum í nefndinni.

Í þessu efni sè yður það til vitundar gefið, sjálfum yður til leiðbeiningar, að stjórnin reyndar ekki getur fallizt á, hvaða þýðingu stiptamtið hefir lagt í bréf dómsmálastjórnarinnar 19. aprílm. þ. á., það er áður var nefnt; því þá 100 rdl., sem þar er um rætt, bar ekki að álíta sem laun, heldur aðeins sem þóknun, en af því leiðir, að þetta bréf stjórnarinnar enga heimild gaf til að álykta neitt um upphæð þeirrar borgunar, sem veitt yrði fyrir eptirkomandi tíð, og hafði þar að auki dómsmálastjórnin sjálf áskilið sèr að ákveða hana; en samt sem áður má í þetta skipti við svo búið standa.